



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Tálknafjarðarhreppi

1.gr.

Af hundum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Tálknafjarðarhreppi dagsettri 13. desember 2018.

2.gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisgjald, skráning kr. 11.250.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, skv. 2.gr. samþykktar um hundahald kr. 14.600.-
- Bráðabirgðaleyfi, kr. 3.950.-

3.gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald, þó ekki á skráningarári, sem hér segir:

- Fyrir hvern hund kr. 9.000.-

4.gr.

Árleg hundahreinsun og ábyrgðartrygging er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3.grein gjaldskrár þessarar.

5.gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald.

- | | |
|---------------------------------------|--------------|
| • Handsömun 1. skipti | kr. 10.100,- |
| • Handsömun 2. skipti | kr. 20.250,- |
| • Handsömun 3. skipti | kr. 20.250,- |
| • Fyrsta afhending – hundur án leyfis | kr. 23.600,- |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

6.gr.

Gjalddagi skv. 3.gr. er 15. júlí og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7.gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25.gr.laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Tálknafirði 13. desember 2018

F.h. Tálknafjarðarhrepps

Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri